

Fundargerð 13. fundar ferðamálaráðs

6. nóvember 2007 - kl. 8:15-9:30 í samgönguráðuneytinu

Mættir: Svanhildur Konráðsdóttir (SK), formaður, Einar Karl Haraldsson (EKH), varaformaður, Dóra Magnúsdóttir (DM), Gunnar Már Sigurfinnsson (GMS), Jón Ásbergsson (JÁ), Pétur Rafnsson (PR), Sævar Skaptason (SS), Magnús Oddsson áheyrnarfulltrúi og Ingilín Kristmannsdóttir (IK), ritaði fundargerðina.

Dagskrá:

1. Fundargerð 12. fundar
2. Framlög til ferðamála (fjárlög)
3. Greinargerð SAF um leiðir til að bæta gæði
4. Samantekt Ferðamálastofu um leiðir til að hlífa landinu
5. Vestnorden
6. Erindi frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu
7. Önnur mál

Gögn lögð fram á fundinum:

1. Dagskrá 13. fundar ferðamálaráðs
2. Fundargerð 12. fundar ferðamálaráðs
3. Samantekt Ferðamálastofu um leiðir til að hlífa landinu
 - a. Fjármögnun á uppbyggingu og viðhaldi ferðamannastaða víða um heim (sent rafrænt)
 - b. Tillaga að líkani til fjármögnunar almennagæða í ferðaþjónustunni (sent rafrænt)
4. Erindi frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg

1. Fundargerð 12. fundar ferðamálaráðs

GMS óskaði eftir breytingu á 5.mgr. 4. liðar. Þá taldi hann fundargerðina ekki endurspeglar nægilega vel óánægju ráðsmanna með framlög stjórnvalda til ferðamála á fjárlögum 2008. Lagði hann til breytingar í þá veru. Samþykkt einróma. SK kvaðst leggja áherslu á það verklag að umræður og einstök ummæli fundarmanna ættu ekki erindi í fundargerð nema í þeim felist fyrirspurnir, tillögur, formlegar óskir eða upplýsingar sem eru efnislegar og mikilvægt er að halda til haga. Skoðanir sem koma fram í umræðum eiga ekki að bóka í fundargerðir. Kjósi menn að koma þeim sérstaklega á framfæri verði það gert með því að lögð sé fram bókun í fundargerð.

2. Framlög til ferðamála (fjárlög)

EKH upplýsti fundarmenn um að samgönguráðherra og iðnaðarráðherra hefðu átt fund með fjármálaráðherra vegna fjárlaga 2008. Málið væri í farvegi.

Rætt var um að ferðamálaráð skrifi bréf til samgöngu- og iðnaðarráðherra, þar sem ráðlagt er að óska eftir herra framlagi til markaðs- og kynningarmál en nú er í fjárlögum 2008. Samþykkt var að formaður og varaformaður skrifuðu bréf til ráðherra þar sem lögð yrði ítrekuð áhersla á sjónarmið ráðsins. Kallaði SK eftir innleggi ráðsmanna í það fyrir lok dagsins.

EKH sagði frá tillögum vegna ráðstöfunar fjármuna vegna svokallaðra mótvægisáðgerða, að upphæð 160 m.kr. Tillögurnar fela í sér að auglýstir verða uppbyggingarstyrkir til næstu 7 ára. Landinu hefur verið skipt upp í 7 svæði og hámarksstyrkur er 5 m.kr. – háð árangursmati. EKH sagði frá vangaveltum í fjármálaráðuneytinu um að hámarksstyrkur mætti hugsanlega vera hærri og að skipting landssvæða væri hugsanlega of þröngt skilgreind.

SK óskaði eftir því að tillögurnar yrðu kynntar ferðamálaráði á næsta fundi ráðsins. Stefnt er að því að auglýsa styrkina um miðjan desember.

3. Greinargerð SAF um leiðir til að bæta gæði

Frestað

4. Samantekt Ferðamálastofu um leiðir til að hlífa landinu

MO fór yfir helstu atriði sem fram komu í gögnunum. Sagði hann að langflest þeirra 37 landa sem leitað var eftir upplýsingum frá væru í sömu sporum og Ísland. Mikið væri rætt um fjármögnun almennagæða en lítið ákveðið í þeim efnum. Voru ráðsmenn sammála um að leið Norðmanna væri áhugaverð. Velt var upp hugmynd um að setja á fót stýrihóp til að koma með tillögur að fjármögnunarleiðum. Þá var rætt um hvort æskilegt væri að halda ráðstefnu til að kynna leið Norðmanna. Ákveðið að byrja á því að kynna þetta í þröngum hópi innan SAF og fá viðbrögð þaðan. SK óskaði eftir því að Ferðamálastofa prófaði líkan Norðmanna á ferðamannastað á Íslandi t.d. Snæfellsnesi. MO mun kynna niðurstöður þeirrar prófunar á næsta fundi ráðsins. Næstu skref ákveðin á næsta fundi.

5. Vestnorden

Rætt var um Vestnorden kaupstefnuna, m.a. aðstæður á Grænlandi og í Færeyjum til að halda kaupstefnuna, þróun, árangur og kostnað. GMS sagði að kaupendum á kaupstefnunni hefði fækkað en seljendum fjölgað. Hann lagði til að Ísland héldi sína eigin kaupstefnu, án Grænlands og Færeyja og benti á því sambandi á að líta mætti til Mid Atlantic sem haldin er í febrúar ár hvert.

6. Erindi frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörgu

Erindi frá Landsbjörgu, varðandi mögulega aðkomu að fjármögnun vegna öryggis ferðamanna, var rætt. Fundarmenn voru jákvæðir í garð erindisins. Ákveðið að vísa erindinu til samgönguráðuneytisins með ósk um að það verði lítið jákvæðum augum.

7. Önnur mál

SK sagði frá því að forsætisráðherra hefði skipað nefnd um ímynd Íslands. Hlutverk nefndarinnar er að gera úttekt á skipan ímyndarmála Íslands í dag, móta stefnu í þessum málaflokki og leggja fram tillögur að skipulagi ímyndarmála og aðgerðum til að styrkja ímynd landsins Eftirfarandi eru skipuð; Svanhildur Konráðsdóttir, Svafa Grönfeldt, Jón Karl Ólafsson, Sverrir Björnsson, Finnur Oddsson og Martin Eyjólfsson.

Þá sagði EKH frá því að Max Dager forstjóri Norrænahússins væri með áhugaverðar hugmyndir um nýtingu á nýja Tónlistarhúsinu.